

## Fundargerð

### 8. fundur stjórnar Fiskeldissjóðs

21. júní 2021, kl. 10:00

**Fundarstaður:** Í húsnæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins

**Fundarmenn:** Haraldur, Álfheiður, Kjartan, Emelía Madeleine Heenen, Hallveig, Kolbeinn

**Fundartími:** 10:00-12:00

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda 3. og 10. júní 2021.

Frestað.

2. Ábendingar Sambands íslenskra sveitarfélaga við drög að starfsreglum og úthlutunarreglur Fiskeldissjóðs.

Fundarmenn ræddu ábendingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjá fylgiskjal 1.

3. Starfsreglur stjórnarteknar til afgreiðslu.

4. Úthlutunarreglur teknar til afgreiðslu.

Lagðar voru fram starfsreglur og úthlutunarreglur stjórnar, ásamt vinnublaði sem stjórn mun nota við yfirferð umsókna. Samþykkt var að gera nokkrar breytingar á skjölunum og starfsmanni falið að ganga frá þeim.

5. Auglýsing eftir umsóknum.

6. Umsóknareyðublað.

Efni og innihald umsóknareyðublaðs voru rædd, og samþykkt eins og þau voru. Farið var yfir drög að auglýsingu sem einnig var samþykkt.

7. Heimasíða fiskeldissjóðs.

Rætt var um umsýslu heimasíðu.

8. Reglugerð fyrir fiskeldissjóð.

Drög að reglugerð ráðherra voru samþykkt.

9. Önnur mál

Rætt var um dagsetningar varðandi auglýsingu. Stefnt var að því að auglýsa um miðjan júlí og hafa umsóknarfrest til loka ágúst.

Fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð ritaði Kolbeinn Árnason.

Fylgiskjal 1.



## Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Fiskeldissjóðs

Dags.: 16. júní 2021

Sendandi: Samband íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2104005SA

Málalykill: 00.64

**Efni: Ábendingar við drög að reglum Fiskeldissjóðs**

Sambandið hefur mótttekið drög að starfsreglum og úthlutunarreglum Fiskeldissjóðs ásamt drögum að matsblaði. Skammur frestur er gefinn til rýni á þessi gögn en lögfræði- og velferðarsvið sambandsins hefur leitað eftir sjónarmiðum frá rýnihópi fulltrúa frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og eru eftirfarandi ábendingar afrakstur þess samtals.

Einnig er vísað til áherslna sem sendar hafa verið til stjórnar sjóðsins og fundar stjórnarinnar með fulltrúum sveitarfélaga sem haldinn var 19. maí.

**Starfsreglur stjórnar**

Ekki er tilefni til þess að leggja til breytingar á starfsreglum stjórnar Fiskeldissjóðs.

Af hálfu sveitarfélaga er hins vegar áréttuð afstaða sem þegar er fram komin að ekki er endilega tilefni til þess í upphafi starfsemi sjóðsins að vera með mjög sérhæfðar áherslur um forgangsstöðun verkefna í hverri úthlutun fyrir sig.

Líkt og bent hefur verið á er árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins lágt í samanburði við þær innviðafjárfestingar sem sveitarfélögin þurfa að ráðast í til að mæta þeim áskorunum sem hraður vöxtur fiskeldisstarfsemi felur í sér. Jafnframt standa sveitarfélögin frammi fyrir mikilli áhættu gagnvart því að þær fjárfestingar nýtist illa ef fiskeldisstarfsemi dregst saman eða færist til milli byggðarlaga.

Markmið sjóðsins í upphafi ættu því að vera almenn og beinast að því að styðja sveitarfélögin í þeirri viðleitni að stuðla að sjálfbærri fiskeldisstarfsemi á þeirra svæði.

#### **Úthlutunarreglur og drög að matsblaði**

Að álitum sambandsins eru viðmið skv. 4. gr. draga að úthlutunarreglum til þess fallin að stuðla að gegnsæi við mat á umsóknum. Tekið er undir að eðlilegt er að umsóknir útilokist sjálfkrafa frá sjálfu matsferlinu ef þær uppfylla ekki lágmarkskröfur um skýrleika.

Að álitum sambandsins er tilefni til þess að leita eftir nánari upplýsingum um hvort gert er ráð fyrir að innbyrðis vægi atriða á matsblaði sé almennt hið sama, sbr. 5. mgr. 4. gr. draga að úthlutunarreglum. Miðað við uppsetningu matsblaðs eru ákveðnar líkur á að niðurstaða heildarmats geti orðið sú að úrbætur á innviðum sem nýtast fiskeldisstarfsemi, s.s. á hafnarsvæði, fái hærri einkunn í mati stjórnar heldur en stækkun á leikskóla eða uppbygging almennra íbúða, þótt slík samfélagsleg verkefni geti skipt grundvallarmáli til að hraða uppbyggingu fiskeldisstarfsemi í viðkomandi sveitarfélagi.

Til að orða framangreinda ábendingu skýrar ætti að álitum sambandsins að koma til álita að innbyrðis vægi töluliða 1-5 í umræddri 5. mgr. 4. gr. verði breytilegt og að vægi töluliða 1 (samfélagslegir innviðir) og 2 (öflugra og fjölbreyttara atvinnulíf) verði umtalsvert hærra

(mögulega 30-35% hvor liður) en töluliðir 3 (nýtist fiskeldi beint), 4 (umhverfis- og losunarsjónarmið) og 5 (nýsköpun) (mögulega 5-15% hver liður).

### **Breytingar á verkefnum og möguleikar til endurúthlutunar**

Ekkert kemur fram í drögum að úthlutunarreglum um hvernig farið verði með mál þar sem óskað er eftir breytingum á verkefnum eða forsendur standast ekki að öðru leyti. Hér má vitaskuld leita fyrirmynda frá öðrum sjóðum en sem dæmi mætti nefna að hægt væri að taka fram í reglunum að:

- Samningum um styrki skuli lokið og þeir undirritaðir innan tiltekins frests frá því að ákvörðun um styrkveitingu er tilkynnt styrkþega eða eins fljótt og unnt er. Hafi samningur eða lokaskýrsla ekki borist fyrir tilsettan tíma falli styrkurinn niður
- Þegar samningur um styrkveitingu er ekki gerður innan tilsetts tíma hafi stjórn sjóðsins heimild til endurúthlutunar til annarra verkefna. Það sama gildi þegar styrkhafi er krafinn um endurgreiðslu þegar greidds styrks.
- Styrkþegi skuli leita fyrirfram samþykkis Fiskeldissjóðs fyrir breytingum á verkefnum.

### **Umsóknarferlið**

Af hálfu sveitarfélaga þykir tilefni til áréttta að fyrirsjáanleiki skiptir miklu máli og að lykilatríði er að verkefni sem sótt er um séu ráðgerð í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga þannig að fjárheimildir séu þegar til staðar á því ári sem úthlutun fer fram úr Fiskeldissjóði.

Til að stuðla að þessu markmiði mætti tilgreina tímamörk í starfsreglum sjóðsins þannig, að stjórn skuli auglýsa eftir umsóknum á ári hverju fyrir ákveðinn tíma. Þannig geti sveitarfélögin tekið mið af því við undibúning verkefna sem mögulega geti verið styrkhæf hjá sjóðnum. Mögulega kann að vera ástæða til að taka fram í reglunum að móttaka umsagna verði eingöngu rafræn.

Einn þáttur varðandi fyrirsjáanleika er að það liggi skýrt fyrir strax í upphafi hvaða sveitarfélög uppfylli skilyrði til að geta sótt um styrk úr sjóðnum. Jafnframt því liggi skýrt fyrir hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að fleiri sveitarfélög bætist síðar í hóp umsækjenda.

Sambandið mælist loks til þess að boðið verði upp á fræðslu um umsóknarferlið til að stuðla að því að vandaðar umsóknir berist sjóðnum.

GB